

**Nr. 18-090 S 062 Ocean Diamond****Ásigling í höfn**

IMO.nr. 7325629  
Útgerð: ICELAND PROCRAISES LTD.  
Fánaríki: Bahamas  
Smíðaður: 1974, stál  
Stærð: 8282 GT.  
Mesta lengd: 124 m  
Breidd: 16 m Djúprista: 4,9 m  
Vél: Wichmann xx kw,  
Fjöldi skipverja: 106



Ocean Diamond©Cruise Iceland

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2019 af Geirbrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 29. maí 2018 var farþegaskipið Ocean Diamond að koma til hafnar í Gömlu höfnina í Reykjavík. Veður: SSA 12-22 m/sek og vindbára.

Á siglingunni inn á milli hafnargarðanna rakst það utan í endann á Norðurgarðinum með þeim afleiðingum að skemmdir urðu bæði á honum og skipinu. Áður en siglt var inn á milli garðanna hafði skipið verið í vandræðum fyrir utan innsiglinguna eins og sjá má á mynd 1 og lent of langt suður frá henni.



Mynd 1 Skipið í vandræðum fyrir utan hafnargarðana (Kristján Þór Júlíusson)

Mynd 2 sýnir skemmdirnar sem urðu á stjórnborðssíðu skipsins.



*Mynd 2 Skemmdir á síðu skipsins*

### ***Við rannsókn kom fram:***

- að hafnsögumaður var um borð þegar atvikið gerðist. Hann kvað þetta hafa verið mannleg mistök sem fólust í því að hafa ekki farið fjær innsiglingunni áður en siglt var þar inn;
- að fram kom í skýrslu skipstjóra að vindhviða hefði valdið því að skipið lenti utan í enda hafnargarðsins í innsiglingunni. Hann hefði lagt inn í höfnina vegna ráðlegginga hafnsögumanns en taldi það hafa verið mistök hjá sér;
- að fram kom hjá hafnsögumanninum að einhver vandræði hefðu verið með skiptiskrúfunu í fyrri ferðum skipsins. Hann hafi því orðað það við skipstjórann hvort búnaðurinn væri í lagi þegar hann kom um borð og fengið þær upplýsingar að svo væri. Þegar skipið var í vandræðum fyrir utan höfnina eins og komið hefur fram þá fannst honum skipið ekki bakka eðlilega;
- að engar upplýsingar liggja fyrir um vélarvandræði, hvorki frá skipstjóra eða útgerð þrátt fyrir að eftir því væri leitað.

### ***Nefndarálit:***

Orsök óhappsins var vanmat á aðstæðum.